



UMSÖGN

Málsnr.: R18040212
Skjalasafn Ráðhúss
27. agú. 2018
Bréfalykill: 61350

Viðtakandi: Borgarráð - Ráðhús Reykjavíkur

Sendandi: Umhverfis- og skipulagssvið

Hljóðmön við Kleppsveg - umsögn um tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins - R18040212

Á fundi borgarráðs þann 26. apríl 2018, var lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins: „Lagt er til að hljóðmön við Kleppsveg, milli Skipasunds og Sæviðarsunds, verði lengd og hún sett í jafna hæð og hún byrjar í við Langholtsveg, þannig að hún verji íbúarhús við Sæviðarsund 2-6.“ Tillagan var send umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.

Í aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar gegn hávaða frá árinu 2014, sem nálgast má á heimasíðum borgarinnar og Umhverfisstofnunar, eru birt reiknuð hávaðakort af vegum með ársdagsumferð yfir 8 þús. ökutæki. Í aðgerðaráætluninni eru ákveðin svæði sett í forgang, horft er til svæða þar sem umferðarhávaði reiknast yfir $L_{den} = 68$ dB(A). Á þeim svæðum verða skv. áætluninni skoðaðar mögulegar hljóðvarnir eða lagfæringar á þegar byggðum hljóðvörnum.

Takmörkuðu fjármagni borgarinnar í þennan málaflokk síðustu misseri hefur verið forgangsraðað í úrbætur á þeim svæðum sem tilgreind eru í aðgerðaráætluninni. Umrætt svæði, við Kleppsveg milli Skipasunds og Sæviðarsunds, er ekki í forgangi samkvæmt áðurnefndri aðgerðaráætlun borgar og ríkis. Til stendur að uppfæra aðgerðaáætlun gegn hávaða.

Fyrir hönd umhverfis- og skipulagssviðs,
Þorsteinn R. Hermannsson
Samgöngustjóri